

Ár 2015, fimmtudaginn 1. október kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Innanríkisráðuneytinu frá 16. september 2015.

Í bréfinu er kynnt tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og sá kostnaður sem Hveragerðisbær ber vegna hennar.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu frá 1. september 2015.

Með bréfinu er boðið til IX Umhverfispings sem haldið verður þann 9. október 2015.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Nefndasviði Alþingis – Umhverfis- og samgöngunefnd frá 24. september 2015.

Með erindinu er lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um náttúruvernd (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.) 140. mál.

Lagt fram til kynningar.

1.4. Nefndasviði Alþingis – Umhverfis- og samgöngunefnd frá 24. september 2015.

Með erindinu er lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 1233. mál.

Lagt fram til kynningar.

1.5. Nefndasviði Alþingis – Umhverfis- og samgöngunefnd frá 23. september 2015.

Með erindinu er lögð fram til umsagnar tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2016, 101. mál.

Lagt fram til kynningar.

1.6. Nefndasviði Alþingis – Velferðarnefnd frá 22. september 2015.

Með erindinu er lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og málefni aldraðra (uppfærsla íbúðaréttar), 35. mál.

Bæjarráð mælir með samþykkt frumvarpsins enda nauðsynlegt að tryggja með öllum ráðum fjárhagslega hagsmuni þessa hóps sem alltof oft ber skarðan hlut frá borði.

1.7. Nefndasviði Alþingis – Velferðarnefnd frá 21. september 2015.

Með erindinu er lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítala (heildarlög), 4. mál.

Lagt fram til kynningar.

1.8. Nefndasviði Alþingis – Velferðarnefnd frá 21. september 2015.

Með erindinu er lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar (hækkun lífeyris í 300 þús. kr.) 3. mál.

Lagt fram til kynningar.

1.9. Nefndasviði Alþingis – Allsherjar- og menntamálanefnd frá 28. september 2015.

Með erindinu er lögð fram til umsagnar tillaga til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs, 16. mál.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við skipan starfshóps sem kanna myndi þessi atriði en mælir með að starfshópurinn einbeiti sér að því verkefni að kanna hversu mikla fjármuni sveitarfélögin þyrftu að fá frá ríki til að hægt væri að uppfylla þær hugmyndir sem þarna eru lagðar fram. Enn og aftur fela hugmyndir þingmanna, eins góðar og þær oft eru, í sér umtalsverð fjárútlát, sem öðrum, í þessu tilfalli, sveitarstjórnnum, er ætlað að bera. Bæjarráð varar við öllum hugmyndum sem leggja nýjar álögur á sveitarfélögin enda hræða sporin í þeim efnunum.

1.10. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 22. september 2015.

Í bréfinu er kynnt Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga en þar verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands. Hveragerðisbær á 5 fulltrúa á þinginu.

Lagt fram til kynningar en bærstjóra jafnframt falið að ganga frá kjörbréfum þingfulltrúa.

1.11. Garðyrkjustöð Ingibjargar, ódagsett.

Í bréfinu óskar bréfitari eftir leyfi til að hefja deiliskipulag á lóðunum Bröttuhlíð 1-3 með það fyrir augum að þar verði íbúðarbyggð.

Bæjarráð fagnar áformum lóðarhafa um uppbyggingu á lóðunum en íbúðabyggð á þessum stað samrýmist bæði sjónarmiðum bæjarfulltrúa sem og aðalskipulagi. Þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir á lóðinni er nauðsynlegt að hefja vinnu við það sem fyrst. Skipulags- og byggingafulltrúa er falið að kynna feril skipulagsvinnunnar fyrir bréfitara og hefja vinnu við gerð deiliskipulags í samvinnu við hann.

1.12. Heimili og skóla frá 25. september 2015.

Í bréfinu er kynnt ályktun stjórnar Heimilis og skóla um endurnýjun gervigrasvalla vegna eiturefna í dekkjakurli.

Bæjarráð telur brýnt að brugðist verði við þessum ábendingum. Kostnaður við endurnýjun á gervigrasinu við grunnskólann nemur um 5 m.kr. og vísar bæjarráð ákvörðun um endurnýjun til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016. Bæjarráð vekur athygli á að í Hamarshöllinni er notuð önnur tegund af kurli sem uppfyllir kröfur um gæði.

1.13. Guðlaugu Jónu Hilmarsdóttur, ódagsett.

Í bréfinu er gerð grein fyrir niðurstöðu fundar formanna félaga eldri borgara á Suðurlandi og staðgengla þeirra en þar var rætt um að félögin á svæðinu myndu standa saman að „Framtíðarþingi um farsæla öldrun á Íslandi“ í byrjun nóvember 2015. Með þeim myndi starfa Ingrid Kuhlman sem áður hefur haldið utan um svipað þing. Óskað er eftir fjárframlagi frá hverju sveitarfélagi á Suðurlandi að upphæð kr. 50.000,-,

Bæjarráð fagnar frumkvæði félaganna og mun með ánægju styrkja þinghaldið um umbeðna fjárhæð.

1.14. Héraðssambandinu Skarphéðni frá 21. september 2015.

Í bréfinu er kynnt fyrirhuguð gerð heimildamyndar um Landsmót UMFÍ sem haldin hafa verið á Suðurlandi. Nánar tiltekið í Haukadal 1940, í Hveragerði 1949, á Laugarvatni árin 1965 og 1994 og á Selfossi 1978 og 2013. Óskað er eftir því að Hveragerðisbær styrki verkefnið með kaupum á fimm diskum með myndinni að andvirði kr. 30.000,-. Hluti upphæðarinnar er hugsaður sem styrkur.

Bæjarráð samþykkir að styrkja HSK um kr. 30.000,- vegna gerðar myndarinnar.

2. Tæknileg málefni:**2.1. Endurnýjun á rekstrarleyfi Heilsukosts ehf.**

Lagt fram beiðni frá Sýslumanni Suðurlands um umsögn vegna endurnýjaðs rekstrarleyfis fyrir veitingastað í flokki II, Heilsukostur ehf, kt. 630895-2439.

Bæjarráð gerir engar athugasemdir við að Heilsukostur ehf fái umbeðið leyfi.

2.2. Minnisblað frá bæjarstjóra - Erindi frá Félagi eldri borgara í Hveragerði og Hveragerðisdeild RKÍ.

Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir hugmyndum sem félögin hafa kynnt um mögulega aðkomu meðlima félaganna að lestrarkennslu yngstu barna við Grunnskólann í Hveragerði. Telja forsvarsmenn félaganna að með þessu móti geti aðilar í félögunum lagt sitt af

mörkum við innleiðingu þjóðarsáttmála um læsi sem undirritaður var nýverið.

Bæjarráð fagnar frumkvæði félaganna og telur að verkefni sem þetta geti orðið börnum bæjarins mikil lyftistöng. Hugmyndin hefur þegar verið kynnt í Fræðslunefnd sem tók jákvætt í erindið.

Bæjarráð samþykkir að fela skólastjórnendum að vinna að skipulagi verkefnisins í samvinnu við Félag eldri borgara og Hveragerðisdeild Rauða krossins.

2.3. Þjóðarsáttmáli um læsi – Samningur ríkis og Hveragerðisbæjar.

Lagður fram undirritaður þjóðarsáttmáli um læsi milli Hveragerðisbæjar og Menntamálaráðherra.

Lagt fram til kynningar.

3. Fundagerðir til kynningar:

3.1. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 11. september 2015.

3.2. Tónlistarskóla Árnesinga frá 28. september 2015.

Vegna liðar 3, gjafir til skólans bókar bæjarráð eftirfarandi:
Ánægjulegt er að sjá að skólanum hafa borist höfðinglegar gjafir á árinu og kann bæjarráð gefendum bestu þakkir fyrir.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:00

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)